

6. gr.

57

15. nóv.

Nú vanrækir einhver skyldur sínar um skýrslugjöf, sbr. 2. eða 3. gr., og má þá skylda hann, að viðlögðum dagsektum, allt að 50 kr. á dag, til uppfyllingar á þeim.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Fredensborgarhöll, 15. nóvember 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

58

23. nóv.

um breytingar á lögum nr. 59 frá 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir orðunum „4. hvert ár á öllum bæjarfulltrúum og varafulltrúum“ í 6. gr. laganna komi: sbr. þó 32. gr.

2. gr.

Á eftir 31. gr. komi ný grein, er verði 32. gr., svo hljóðandi:

Nú hefir í kaupstað, þar sem kosinn er bæjarstjóri, eigi náðst meiri hluti bæjarfulltrúa fyrir kosningu bæjarstjóra, þannig að bæjarstjóri sé í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, og getur atvinnumálaráðherra þá ákveðið, að bæj-

58 arstjórnarkosningar skuli fram fara á ný fyrir þann tíma, sem eftir er af hinu
23. nóv. reglulega kjörtímabili bæjarstjórnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 23. nóvember 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

59

24. nóv.

KONUNGLEG AUGLÝSING

um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þareð Vér erum á förum til útlanda, viljum Vér sam-
kvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenskra sambandslaga,
að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að hans kon-
unglega tign krónprins Christian **Frederik** Franz Michael Carl Valdemar
Georg tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vér
komum heim aftur.

Gjört á Amaliuborg, 24. nóvember 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.